

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F118/2022

Reykjavík, 26. september 2022

Vegagerðin  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ

Umboðsmanni Alþingis barst nýlega ábending um svokallaða Loftbrú sem Vegagerðin heldur utan um og er yfirheiti fyrirkomulags greiðslupáttöku íslenska ríkisins í flugfargjöldum íbúa sem eiga lögheimili á landsbyggðinni. Ábendingin lýtur að því að einungis sé unnt að nýta umræddan styrk með því að skrá sig inn á þjónustuvefinn island.is til að nálgast afsláttarkóða sem notaður er til að bóka flug hjá flugfélögum. Til þess þurfi hins vegar rafræn skilríki sem viðkomandi hafi ekki haft yfir að ráða, en honum hafi ekki staðið til boða önnur úrræði í þessu sambandi.

Í IX. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eins og lögunum var breytt með lögum nr. 51/2003, og athugasemdum við síðargreindu lögin, er m.a. vikið að skyldu stjórnvalda til að haga rafrænni meðferð mála á þann veg að sem flestir geti nýtt sér það hagræði sem felst í slíkri meðferð. Er þá m.a. vísað til vals á þeim vél- og hugbúnaði sem notaður er, sbr. 3. málslíð 1. mgr. 35. gr. stjórnsýslulaga. Lögin eru einnig fortakslaus um að óheimilt sé að einskorða meðferð stjórnsýslumála við rafræna meðferð.

Með hliðsjón af framangreindu og áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um hvort hann taki mál þetta til frekari athugunar á grundvelli þeirra heimilda sem honum eru fengnar samkvæmt lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laganna, að Vegagerðin veiti upplýsingar um hvort það verklag sem lýst er hér að framan, þ.e. að þeir einir sem framvísað geti rafrænum skilríkjum geti sótt um áðurlýstan afsláttarkóða, sé almennt viðhaft hjá stofnuninni við afgreiðslu umsókna um Loftbrú. Ef svo er, er þess óskað að Vegagerðin færi fram skýringar með hvaða hætti slíkt verklag samrýmist fyrrgreindum reglum stjórnsýslulaga, m.a. í ljósi þess að enn sem komið er eiga ekki allir kost á rafrænum skilríkjum, svo sem vegna fötlunar.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni Alþingis eigi síðar en 10. október nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

  
Anna Rut Kristjánsdóttir